

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Seyðisfjarðar, nr. 108 8. ágúst 1949.

5  
23. jan.

Auk heimildar í gjaldskránni til 20% hækkunar á raforkuverði, er bæjarstjórn heimilt að hækka öll gjöld samkvæmt gjaldskránni um 50%, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir rafveitu Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn.

6  
24. jan.

### I. RAFORKA

Rafveita Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn, selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

#### B. Suða.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fastengdra suðutækja.

#### C. Vélar.

Þar sem orkan er seld til vélareksturs skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

### II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |   |                    |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....   | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... | — 3.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....   | — 7.00 — —         |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.